



Ársskýrsla BLÍ



2025-2026

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ	3
Nefndir BLÍ.....	4
Fjöldi blakiðkenda frá upphafi.....	5
Fjöldi fulltrúa á ársþingi.....	6
Dagskrá.....	Error! Bookmark not defined.
Skýrsla stjórnar BLÍ	8
Skýrsla mótanefndar BLÍ.....	Error! Bookmark not defined.
Skýrsla afreksstjóra BLÍ.....	Error! Bookmark not defined.
Skýrsla strandblaksnefndar BLÍ	27
Skýrsla yngri flokka nefndar BLÍ	29
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	Error! Bookmark not defined.
Ársreikningur 2024.....	Error! Bookmark not defined.
Viðaukar	43

Blaksamband Íslands

2025-2026

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Valgeir Bergmann
Gjaldkeri	Gunnar Gunnarsson
Meðstjórnendur	Elsa Elísdóttir Unnur Ása Atladóttir
Varastjórn	Emelía Eiríksdóttir Lúðvík Már Matthíasson Lúðvík Kristinsson
Framkvæmdastjóri	Katrín Einrsdóttir
Mótastjóri	Rósborg Halldórsdóttir
Afreksstjóri	Borja González

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Emelía Eiríksdóttir

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Starfsmaður nefndar

Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri

Afreksnefnd

Lúðvík Már Matthíasson, formaður

Einar Friðgeir Björnsson

Hjördís Eiríksdóttir

Unnur Ása Atladóttir

Dómaranefnd

Árni Jón Eggertsson, formaður

Guðný Rut Guðnadóttir

Jón Ólafur Valdimarsson

Ólafur Jóhann Júlíusson

Yngriflokkanefnd

Guðrún Kristín Einarisdóttir, formaður

Sigurgeir Hallgrímsson og Ólöf Birna Ólafsdóttir
(Afturelding)

Hulda Björgvinsdóttir og Emil Björnsson (HK)

Dánjal Salberg Adlersson (Huginn)

Erla Rán Kjartansdóttir (KA)

Signý Þöll Kristinsdóttir Vestri

Pórunn Harðar og Andri Hnikarr Jónsson,
(Völsungur)

Sara Lind Dagbjartsdóttir og Anna Kristín

Matthíasdóttir (Þróttur Nes)

Eldey Hrafnisdóttir (Þróttur Reykjavík)

Strandblaksnefnd

Valgeir Bergmann, formaður

Gunnar Gunnarsson

Mótshaldarar stigamóta BLÍ

Aganefnd

Guðmundur Narfi Magnússon

Jason Ívarsson

Emelía Eiríksdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson

Hjörtur Halldórsson

Fjöldi blakiðkenda frá upphafi

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1984	2362	1999	1662	2014	2987
1970	237	1985	2362	2000	1862	2015	3149
1971	479	1986	2775	2001	1345	2016	3323
1972	649	1987	2955	2002	1786	2017	3193
1973	855	1988	2906	2003	1981	2018	3439
1974	1334	1989	2869	2004	1830	2019	3195
1975	1609	1990	2718	2005	1624	2020	3317
1976	1974	1991	2567	2006	1827	2021	3560
1977	2257	1992	2200	2007	1918	2022	2751
1978	2501	1993	2074	2008	2076	2023	3059
1979	2567	1994	1848	2009	2005	2024	3426
1980	2579	1995	1961	2010	2013		
1981	2513	1996	1592	2011	2316		
1982	2519	1997	1592	2012	2337		
1983	2426	1998	1217	2013	2785		

Fjöldi fulltrúa á ársþingi

Ársþing BLÍ 27. mars 2026

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	14	0	1
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSN	42	4	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	364	6	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	90	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	400	7	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	0	0	1
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	342	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	ÍBH	164	4	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	457	15	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	ÍBV	8	0	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	ÍRB	74	2	1
Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	404	8	1
Ungmenna og Íþróttasamband Fjallabyggðar	ÚÍF	95	1	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	40	0	1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	90	2	1
Ungmennasamband Kjalarnespings	UMSK	405	12	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	UMSS	43	1	1
Ungmennasambandið Úlfjótur	USÚ	101	4	1
Ungmennasamband V-Húnavetninga	USVH	18	1	1
Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	47	0	1
Samtals		3426	75	20

20 af 25 sambandsaðilum með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið.
33 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2024-2025

Samtals fulltrúar 95

Dagskrá

54. ársþing BLÍ, haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi 6,
föstudaginn 27. mars, kl. 17:00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Allsherjarnefnd,
 - d) Laganefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur.

Þinghlé

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðsla
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) Þriggja meðstjórnanda til tveggja ára
 - b) Þriggja í varastjórn til eins árs
 - c) Tveggja skoðunarmanna reikninga
 - d) Þriggja dómara í áfrýjunardómstól BLÍ

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2025-2026

Stjórn og framkvæmdastjórn

53. ársþing BLÍ var haldið í Laugardal 28. mars 2025. Á þinginu var Grétar Eggertsson kjörinn formaður til tveggja ára og Elsa Sigrún Elísdóttir kjörin í stjórn til tveggja ára. Þá voru Emelía Eiríksdóttir, Lúðvík Már Matthíasson og Lúðvík Kristinsson kjörin í varastjórn til eins árs. Úr aðalstjórn gekk Guðrún Kristín Einarsdóttir og úr varastjórn gekk Eldey Hrafnisdóttir og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir störf sín í þágu blakhreyfingarinnar á Íslandi. Fyrir í stjórn voru Valgeir Bergmann, Gunnar Gunnarsson og Unnur Ása Atladóttir

Að loknu þingi var verkaskipting stjórnar með þeim hætti að Grétar Eggertsson var formaður, Valgeir Bergmann varaformaður, Gunnar Gunnarsson gjaldkeri, Elsa Sigrún Elísdóttir ritari og Unnur Ása Atladóttir meðstjórnandi.

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Auk þeirra funda voru einnig töluverð samskipti innan stjórnar og milli stjórnar og framkvæmdastjórnar eftir því sem verkefni og mál kölluðu á. Starfið hefur byggt á reglufestu, góðu samráði og áframhaldandi vinnu milli funda, sem er nauðsynlegt í fjölbreyttu starfi BLÍ.

Á starfsárinu voru þrjú launaðir starfsmenn á skrifstofu BLÍ. Katrín Einarsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi, Borja Gonzales Vicente afreksstjóri í 100% starfi og Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri í 70% starfi.

Íþróttaleg viðskipti og fjármál afreksstarfs

Á starfsárinu hélt BLÍ áfram að byggja upp afreksstarf sambandsins með markvissum og faglegum hætti og árangur ársins sýnir að sú uppbygging er farin að skila sér. Í strandblaki náði Ísland þeim mikilvæga áfanga að tryggja í fyrsta sinn eitt lið í hvorum flokki, karla og kvenna, inn á lokamót Evrópumeistaramóts U18 og U20 eftir góðan árangur á SCA mótum.

A landslið karla og kvenna tóku þátt í CEV Silver League sumarið 2025 þar sem kvennalandsliðið endaði í 6. sæti með þrjú sigra og þrjú töp og karlalandsliðið í 7. sæti með einn sigur og fimm töp. Karlalandsliðið tók einnig þátt í Smáþjóðaleikunum í Andorra og hafnaði þar í 5. sæti. Þá fór kvennalandsliðið til Dublin á SCA Senior Championship með U20 lið sem hluta af uppbyggingu til framtíðar og endaði í 4. sæti, skammt frá bronsi.

Samfélagsleg og fagleg uppbygging hélt einnig áfram. Skólablaksverkefnið var áfram lykilþáttur í grasrótarstarfi BLÍ í samvinnu við CEV, með það að markmiði að auka þátttöku og sýnileika blaks um landið. Verkefnið We Lead Volleyball Together þróaðist áfram, ný félög bættust við og innan sambandsins varð til ungmennaráðgjafarhópur sem styrkir rödd ungs fólks í starfi BLÍ. Þá voru einnig tekin skref í átt að aukinni inngildingu með verkefnum fyrir fatlað fólk og fólk með sérþarfir, meðal annars með þátttöku í alþjóðlegu námskeiði í sitjandi blaki og undirbúningi að frekari þróun á því sviði.

Þegar horft er til umfangs verkefna er ljóst að mikið hefur verið unnið á tiltölulega fáum starfsgildum. Á skrifstofu BLÍ störfuðu á árinu framkvæmdastjóri og afreksstjóri í fullu starfi og mótastjóri í 50% starfi. Innan þess ramma hefur sambandið sinnt landsliðum, alþjóðlegum verkefnum, þróunarverkefnum, samskiptum við alþjóðasambönd og áframhaldandi uppbyggingu afreksstarfs. Það undirstrikar bæði metnað starfsfólks og þá áskorun sem felst í því að halda úti vaxandi og fjölbreyttu starfi með svo takmörkuðum mannafla.

Þrátt fyrir að BLÍ hafi tekið þátt í kostnaðarsömum verkefnum á liðnu starfsári hefur tekist að lækka kostnað milli ára og halda rekstri afrekssviðsins betur í jafnvægi en áður. Það er ánægjulegt og sýnir að unnið hefur

verið af ábyrgð og festu. Sú staða breytir þó ekki því að fjármögnun afreksstarfsins er enn langt frá því að vera í samræmi við umfang verkefna og þær kröfur sem gerðar eru til sambandsins.

Raunveruleikinn er enn sá að þátttaka í alþjóðlegum verkefnum er að verulegu leyti fjármögnuð af afreksfólkinu sjálfu og fjölskyldum þeirra. Það er staða sem BLÍ getur ekki sætt sig við til lengri tíma. Landsliðsfólk Íslands á ekki að þurfa að greiða úr eigin vasa fyrir það að keppa fyrir hönd Íslands á alþjóðavettvangi. Slík staða er ekki aðeins þungbær fyrir einstaklinga og fjölskyldur heldur getur hún einnig haft áhrif á þátttöku og þar með veikt forsendur þess að Ísland sendi ávallt sína sterkustu fulltrúa til keppni.

Það er því eitt af lykilverkefnum næsta tímabils að sækja aukið fjármagn inn í afreksstarfið, bæði innan íþróttahreyfingarinnar og með öðrum leiðum. Markmiðið er skýrt og það er að draga áfram úr kostnaði sem fellur á afreksfólkið sjálft og byggja upp umhverfi þar sem landsliðsfólk fær raunhæfan stuðning til að sinna sínu hlutverki fyrir hönd Íslands. Það er ekki ásættanlegt að fjárhagur einstaklinga ráði því hverjir geti gefið kost á sér til verkefna fyrir Ísland.

Fjölmiðlar, útsendingar og samskipti

Sýnileiki blaks á Íslandi er áfram eitt af þeim verkefnum sem mikilvægt er að styrkja enn frekar. Umfjöllun í hefðbundnum fjölmiðlum hefur áfram verið takmörkuð og aðgengi greinarinnar að stærri miðlum ekki nægilega gott. Þetta er ekki verkefni sem BLÍ getur leyst eitt og sér, en sem sérsamband berum við ábyrgð á að leiða þessa vinnu og mikilvægt að sú vinna sé með samvinnu og í samstarfi við félögin.

Á liðnu tímabili var áfram sent í streymi frá leikjum í gegnum Genius, líkt og áður, og samhliða því var haldið áfram samstarfi við fyrirtækið Livey um útsendingar í vetur. Um er að ræða áframhaldandi þróun á því hvernig við kynnum og miðlum okkar íþrótt, bæði til þeirra sem fylgjast náið með blaki og til nýrra áhorfenda. Reynslan af þessum leiðum hefur verið upp og ofan, en jafnframt gagnleg og mikilvægt innlegg í næstu skref.

Ljóst er að fyrir næsta tímabil þarf að fara vel yfir þær forsendur sem unnið hefur verið eftir hingað til, meta reynsluna af samstarfi, framsetningu og tæknilegri framkvæmd, og taka upplýstar ákvarðanir um framhaldið. Þar þarf ekki aðeins að horfa til næsta vetrar heldur einnig til lengri tíma. Mikilvægt er að ný stjórn móti skýra sýn á það hvernig BLÍ vill byggja upp ásýnd, útsendingar og stafræna miðlun blaks á komandi árum.

Kjörisbikarinn stendur upp úr sem einn sýnilegasti viðburður blakhreyfingarinnar og hefur sýnt að með góðri umgjörð, vandaðri framsetningu og samstilltu átaki er hægt að skapa viðburði sem vekja athygli og laða að áhorfendur. Sú reynsla undirstrikar að tækifærin eru til staðar ef rétt er á málum haldið.

Fram undan er því mikilvægt verkefni sem snýr að því að efla sýnileika blaks á fleiri vígstöðvum. Þar þarf að horfa samtímis til fjölmiðlasamskipta, beinna útsendinga, samfélagsmiðla og annars stafræns efnis. Einnig þarf að skoða hvernig félögin og BLÍ geta unnið betur saman að þessu verkefni, svo byggð verði upp sterkari og samræmdari ásýnd fyrir greinina í heild.

Þetta er eitt af þeim verkefnum sem ný stjórn þarf að taka föstum tókum. Tækifærin eru til staðar, en til að ná árangri þarf markvissa stefnu, betri samhæfingu og skýra forgangsröðun. Með sameiginlegu átaki BLÍ og félaganna er raunhæft að setja þennan málaflokk í mun betri farveg á næsta keppnistímabili.

Blakfólk ársins

Blakkona ársins var valin Matthildur Einarsdóttir og blakmaður ársins var valinn Máni Matthíasson.

Matthildur Einarsdóttir er uppalin hjá HK og leikur á yfirstandandi tímabili með liðinu í Unbrokendeild kvenna. Matthildur er uppspilari og hefur verið afar áberandi í leik liðsins, bæði í vörn og sókn.

Á vormánuðum lék Matthildur með Slavia Kooperativa EUBA Bratislava, þar sem liðið varð deildarmeistari og í 2 sæti í úrslitakeppninni í Slóvakíu. Áður hefur Matthildur leikið í efstu deildum í bæði Ungverjalandi og Danmörku.

Matthildur hefur leikið 50 landsleiki fyrir Íslands hönd og hlaut silfurmerki BLÍ þann 14. júní sl. fyrir það afrek. Hún tók þátt í CEV Silver League með íslenska landsliðinu, þar sem hún skilaði sterkum frammistöðum sem uppspilari og sýndi yfirvegaða stjórn og góða tengingu við sóknarmenn liðsins. Matthildur er einn besti uppspilari sem íslenska landsliðið hefur átt um langa hríð og lætur hún einnig til sín taka utan vallar, meðal annars með þjálfunarstörfum.

Máni Matthíasson eruppalinn hjá HK. Hann lék með liðinu vorið 2025 þegar HK endaði í 6. sæti Unbrokendeildar karla eftir sterka endurkomu undir lok tímabilsins. Máni leikur nú með Odense Volleyball í dönsku úrvalsdeildinni en áður hefur hann einnig leikið í efstu deild í Noregi og næstefstu deild í Þýskalandi.

Máni hefur leikið 70 landsleiki fyrir Ísland og tók þátt í CEV Silver League og Smáþjóðaleikum Evrópu sumarið 2025. Karlalandsliðið er í uppbyggingarfasa og hefur Máni verið lykilmáður í sóknarleik liðsins undanfarin ár með sterka leikstjórn og mikla reynslu.

Erlend samskipti

Blaksamband Íslands hefur á liðnu starfsári áfram verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og samskiptum sem skipta verulegu máli fyrir framtíð blaksins á Íslandi. Fyrir lítið sérsamband eins og BLÍ er slíkt samstarf ekki aðeins mikilvægt til að viðhalda tengslum, heldur einnig til að fylgjast með breytingum á keppnisumhverfi, regluverki og þeim tækifærum sem standa íslensku blaki til boða á alþjóðavettvangi.

Formaður BLÍ sótti ársþing Evrópska blaksambandsins, CEV, í nóvember. Á sama tíma voru einnig haldin ársþing NEVZA og SCA, sem undirstrikar að alþjóðlegt samstarfsumhverfi BLÍ er bæði fjölþætt og síbreytilegt. Á undanförunum mánuðum hafa orðið breytingar sem hafa beina þýðingu fyrir stefnumótun og ákvörðunartöku hjá BLÍ á næstu misserum.

Ein stærsta breytingin er sú að stjórn CEV hefur ákveðið að leggja niður Silver League og Golden League keppnirnar í núverandi mynd. Í þeirra stað kemur ný keppni sem verður hluti af undankeppni Evrópumótsins. Þetta er veruleg breyting á keppnisumhverfi landsliða í Evrópu og hefur bein áhrif á það hvernig Ísland þarf að horfa á þátttöku, forgangsröðun og uppbyggingu landsliðsverkefna til framtíðar.

Önnur mikilvæg breyting varð þegar stjórn CEV samþykkti að keppnir á vegum SCA skuli njóta sömu réttinda og keppnir annarra svæða innan Evrópublaksins. Sú ákvörðun eykur vægi SCA verulega og hefur bein áhrif á mat BLÍ á því hvaða mót og hvaða samstarf nýtast íslensku blaki best. Fyrir Ísland getur þetta skipt miklu máli, bæði út frá íþróttalegum tækifærum og út frá því hvernig best sé að staðsetja sambandið innan hins evrópska blakumhverfis.

Samhliða þessu tók stjórn CEV í janúar 2026 þá ákvörðun að hvert land geti einungis tilheyrt einu svæði, eða zonal, innan kerfisins. Sú breyting hefur bein áhrif á Ísland, Færeyjar og Grænland, sem hingað til hafa átt aðild að bæði SCA og NEVZA. Fyrir BLÍ þýðir þetta að á næstu mánuðum þarf að taka mikilvæga stefnumótandi ákvörðun um það í hvorum samtökunum Ísland vill eiga sína framtíðarstaðsetningu.

Afreksstjóri BLÍ hefur verið í góðum og reglulegum samskiptum við bæði CEV og FIVB og hafa þau samskipti verið mikilvæg fyrir upplýsingaflæði, tengslamyndun og áframhaldandi þróun verkefna á vegum sambandsins. Fyrir lítið land eins og Ísland skiptir miklu máli að eiga virkt samtal við alþjóðasamböndin, bæði til að fylgjast vel með þróun mála og til að tryggja að rödd og hagsmunir smærri þjóða heyrast í umræðunni.

Þróunarverkefni með alþjóðlegri tengingu hafa einnig áfram verið mikilvægur þáttur í starfi BLÍ. Skólablaksverkefnið er nú að ljúka með formlegum hætti í vor, að minnsta kosti innan ramma Erasmus+, en áfram verður unnið að verkefninu og þeirri uppbyggingu sem það hefur skapað. Verkefnið hefur verið mikilvægt fyrir grasrótastarf og tengingu blaksins við skólakerfið og mun áfram nýtast sem grunnur að frekari þróun á því sviði.

Verkefnið Ungir leiðtogar hefur einnig reynst afar áhugavert og mikilvægt. Nú hefur verið stofnað ungmennaráð sem hefur þegar komið inn á fund stjórnar og verður það samstarf þróað frekar á komandi misserum. Markmiðið er að ungt fólk innan blakhreyfingarinnar hafi raunverulegt aðgengi að stjórn sambandsins, geti komið sjónarmiðum sínum og verkefnum á framfæri og tekið virkari þátt í mótun starfsins til framtíðar.

Á heildina litið er ljóst að erlent samstarf BLÍ er ekki aðeins mikilvægt vegna þátttöku í mótum og verkefnum, heldur einnig vegna þeirrar stefnumótandi stöðu sem sambandið þarf að taka í ört breytilegu alþjóðlegu umhverfi. Næsta tímabil verður að því leyti mikilvægt, því þá þarf BLÍ bæði að viðhalda góðum tengslum við alþjóðahreyfinguna og taka skýrar ákvarðanir um framtíðarstaðsetningu sína innan þess evrópska samstarfs sem íslenskt blak er hluti af

Fjármál

Rekstur Blaksambands Íslands á árinu 2025 ber með sér að sú vinna sem lögð hefur verið í aðhald, hagræðingu og markvissari yfirsýn yfir fjármál er farin að skila árangri. Ársreikningurinn sýnir jákvæða niðurstöðu, en mikilvægt er að setja þá niðurstöðu í rétt samhengi.

Stór hluti þess mismunar sem sést milli ára skýrist af tekjum sem komu erlendis frá og eru að verulegu leyti tímabundnar. Þar munar mestu um styrki og greiðslur frá FIVB, tekjur vegna þátttöku í CEV verkefnum, styrk vegna Erasmusverkefnisins Young Leaders og framlag frá NEVZA. Hluti þessara fjármuna tengist verkefnum sem ná yfir fleiri en eitt ár og hluti þeirra mun ekki koma inn með sama hætti á næsta starfsári.

Það er því ekki rétt að lesa niðurstöðu ársins þannig að fjárhagslegt svigrúm sambandsins sé orðið mikið eða að undirliggjandi áskoranir séu horfnar. Þvert á móti er ljóst að grunnrekstur BLÍ stendur áfram frammi fyrir verulegum áskorunum, ekki síst vegna umfangs afreksstarfsins og þeirra krafna sem gerðar eru til sambandsins. Sú staða breytir heldur ekki þeirri alvarlegu staðreynd að afreksfólk hefur áfram þurft að bera umtalsverðan kostnað vegna þátttöku sinnar í landsliðsverkefnum.

Á sama tíma er þó mikilvægt að halda því til haga að innan rekstrarins sjálfs hefur tekist að ná fram raunverulegri hagræðingu og betra aðhaldi. Sú vinna skiptir máli, sérstaklega þegar horft er til þess að fram undan er stórt og krefjandi ár. Keppni í undankeppni Evrópumóts er fram undan, auk þess sem yngri landslið BLÍ munu taka þátt í lokamótum í strandblaki og lokamóti í blaki í sumar. Ljóst er að þessi verkefni kalla á verulega fjármuni og leggja aukið álag á rekstur sambandsins. Samhliða þessu falla ákveðnir erlendir styrkir út og fyrir séður er kostnaður sem frestaðist á síðasta ári, meðal annars vegna endurnýjunar búninga.

Niðurstaða ársins 2025 sýnir því fyrst og fremst að með ábyrgri fjármálastjórn, skýrari forgangsröðun og markvissri vinnu hefur tekist að byggja upp betri stoðir til að mæta næstu verkefnum. Það er mikilvægt skref, en jafnframt ljóst að áfram þarf að vinna að því að styrkja tekjugrunn sambandsins svo afreksstarf og önnur lykilverkefni hvíli ekki í sama mæli á tímabundnum tekjum eða beinum framlögum frá iðkendum sjálfum.

Framtíðin

Framtíð blaks á Íslandi ræðst af því hvernig okkur tekst að vinna saman á næstu árum. Á liðnu tímabili hafa orðið jákvæð skref í uppbyggingu afreksstarfs, grasrótarverkefna, sýnileika og alþjóðlegra tengsla. Um leið er ljóst að fram undan eru bæði tækifæri og áskoranir sem kalla á skýra forgangsröðun, betri samhæfingu og sameiginlega sýn innan hreyfingarinnar.

BLÍ hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri vegferð. Hlutverk sambandsins er að leiða, styðja, samræma og skapa umgjörð sem hjálpar blakinu að vaxa. En BLÍ er ekki aðilinn sem býr til árangurinn einn og sér. Raunverulegur árangur verður til í félögunum, í daglegu starfi þjálfara, iðkenda, foreldra, sjálfboðaliða og stjórnarfólks um land allt. Ef íslenskt blak á að taka næstu skref þarf öll hreyfingin að ganga betur í takt og í átt að sameiginlegu markmiði.

Eitt stærsta verkefnið fram undan er áframhaldandi uppbygging barna- og unglingsstarfs. Þar liggja stærstu langtímatækifærin, en þar eru einnig ýmsar áskoranir sem þarf að mæta af festu. Auka þarf nýliðun, styrkja yngri árganga og tryggja að félögin hafi raunhæfan stuðning til að byggja upp öflugt og stöðugt starf. Verkefni á borð við Skólablak, ungmennaráð og áframhaldandi þjálfaraþróun skipta þar miklu máli, en þau ná aðeins fullum árangri ef þau tengjast starfi félaganna með markvissum hætti.

Á sama tíma þarf afreksstarfið að halda áfram að þróast á traustum grunni. Árangur síðasta tímabils sýnir að markviss uppbygging getur skilað árangri, bæði í strandblaki og innan yngri landsliða. Næsta skref er að styrkja þetta umhverfi enn frekar, bæta skilyrði afreksfólks og draga úr þeirri byrði sem hefur of lengi hvílt á leikmönnum og fjölskyldum þeirra. Þar þarf bæði skýrari stefnu, sterkari fjárhagslegar stoðir og áframhaldandi faglega þróun.

Fram undan eru einnig mikilvægar ákvarðanir um alþjóðlega stöðu BLÍ, framtíðarsamskipti við svæðasamtök og hvernig íslenskt blak nýtir sem best þau tækifæri sem eru að verða til í breyttu umhverfi Evrópublaksins. Það er verkefni sem krefst bæði skýrrar sýnar og samstöðu um forgangsröðun. Sama gildir um sýnileika greinarinnar, þar sem tækifæri eru til að gera betur, en árangur næst aðeins með samstilltu átaki BLÍ og félaganna.

Framtíðin verður því ekki byggð á einni ákvörðun, einu verkefni eða einni stjórn. Hún verður byggð á því hvort okkur tekst að þróa sterkari heild þar sem sambandið og félögin styðja hvort annað betur, tala skýrar saman og vinna markvisst að sameiginlegum hagsmunum greinarinnar. Þar liggur lykillinn að áframhaldandi vexti, meiri gæðum og sterkari stöðu blaksins á Íslandi.

Tækifærin eru fyrir hendi. Metnaðurinn er til staðar. En það mun ráðast af samstöðu okkar og vilja til samstarfs hversu langt við komumst. Ef við náum að ganga í takt, byggja á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður og halda fókus á sameiginleg markmið, þá eru raunveruleg tækifæri til þess að íslenskt blak styrkist enn frekar á næstu árum.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Vorið 2025 voru það Kristján Geir Guðmundsson, Emelía Eiríksdóttir (úr stjórn BLÍ) og Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir sem skipuðu mótanefnd. Haustið 2025 fór Kristján úr nefnd og í stað hennar komu Hulda Björgvinsdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson inn. Rósborg Halldórsdóttir vannur sem mótastjóri BLÍ í samstarfi við mótanefnd.

LOK TÍMABILSINS 2024-2025

Unbrokendeildir

Deildarmeistarar: KA hreptu deildarmeistaratitil bæði karla og kvenna í lok mars 2024.

Úrslitakeppni úrvalsdeilda lauk einnig með sigrum KA bæði í kvenna- og karlaflokki. Kvennalið KA vann 3-0 í sínu úrslitaeinvígi þar sem liðið mætti Völsungi. Karlalið KA mætti Þrótti Reykjaví og vann keppnina einnig afgerandi 3-0.

Eftir að síðasta leik lauk í Unbroken deildum karla og kvenna þá hófst kosning í lið ársins. Kosningarétt höfðu þjálfarar (40%) og fyrirliðar (40%) liðanna í deildunum og gildir tölfræðin yfir árið 20%. Kosið var í stöðurnar 7 á vellinum auk besta þjálfara hvorrar deildar.

Einnig var kosið um besta íslenska leikmanninn og besta erlenda leikmanninn ásamt efnilegasta leikmanni deildarinnar.

Að lokum var kosið um besta dómara deildanna.

Allar viðurkenningar voru afhentar á heimaleikjum hvers leikmanns í úrslitakeppninni.

Úrvalsið karla:

Kantar: Jakub Grzegolec og Tomek Leik

Miðjur: Gísli Marteinn Baldvinsson og Alexander Stefánsson

Uppspilari: Zdravko Kamenov

Díó: Miguel Mateo Castrillo

Frelsingi: Mateusz Jeleniewski

Þjálfari: Miguel Mateo Castrillo

Besti íslenski leikmaðurinn: Gísli Marteinn Baldvinsson

Besti erlendi leikmaðurinn: Zdravko Kamenov

Efnilegasti leikmaðurinn: Tómas Davidson

Úrvalsið kvenna:

Kantar: Julia Bonet Carreras og Kristine Teivane

Miðjur: Tamara Beerová og Valdís Unnur Einarsdóttir

Uppspilari: Amelía Ýr Sigurðardóttir

Díó: Paula Del Olmo Gomez

Frelsingi: Savannah Dean Marshall

Þjálfari: Tamas Kaposi

Besti íslenski leikmaðurinn: Helena Einarsdóttir

Besti erlendi leikmaðurinn: Julia Bonet Carreras

Efnilegasti leikmaðurinn: Inga Björg Brynjúlfsdóttir

Sævar Már Guðmundsson var kosinn besti dómari Unbrokendeildanna.

Úrslitakeppni 1. deilda

Aðeins voru krýndir deildarmeistarar í 1. deild kvenna þar sem Vestri sigraði deildina.

Úrslit í öllum deildum voru svo spiluð helgina 28. – 30. mars 2025 í Digranesi

	Digranes 1				Digranes 2					
fös	Lið 1	Lið 2	Umsjón	Dómari 1	Lið 1	Lið 2	Umsjón	Dómari 1		
19:00	NA2	SV3 (HK U)	HK	Zdravko	SV2 (UMFA B)	NA3	HK	Kristinn		
lau										
10:00	KVK2 (Ýmir)	KVK3 (Blakf. Hfj.)	HK	Jón Ólafur	KVK1 (Vestri)	KVK4 (Álftanes 2)	HK	Rósborg		
12:15	KK2 (Próttur Nes)	KK3 (HK B)	Taplið 10:00	Haraldur	KK1 (KA)	KK4 (Fylkir)	Taplið 10:00	Jón Ólafur		
14:30	NA1	WSV2/NA3	Taplið 12:15	Sigga	SV1 (HK B)	WNA2/SV3	Taplið 12:15	Haraldur		
16:45		3. sæti KVK	Taplið 14:30	Kristinn		3. sæti KK	Taplið 14:30	Sigga		
19:00		5. sæti U20	Taplið 16:45	Magni		3. sæti U20	Taplið 16:45	Baldur		
sun							Umsjón	Dómari 1	Dómari 2	
10:00			1. sæti KK				HK	Kristinn	Ismar	
12:15			1. sæti KVK				Taplið 10:00	Haraldur	Sævar	
14:30			1. sæti U20 kvk				Taplið 12:15	Sigga	Baldur	

- Vestri saigraði 1. deild kvenna
- HK B sigraði U20/B deild kvenna
- Próttur Nes U20 sigraði 1. deild/U20 deild karla

Yngri flokkar

Keptt var í flokkum U12, U14 og U16 á Íslandsmótinu að vori. U12 og U14 flokkar spiluðu á Ísafirði og U16 flokkar á Húsavík og voru krýndir Íslandsmeistarar í neðan greindum keppnisflokkum.

Flokkur	Íslandsmeistarar
U12 piltar	Próttur Nes
U12 stúlkur	UMFG
U12 blandað	Sindri
U14 piltar	UMFG
U14 stúlkur	KA bláar (A deild) UMFG (B deild)
U16 piltar	KA bláar (A deild) og HK 2 (B deild)
U16 stúlkur	KA

KEPPNISTÍMABILIÐ 2025-2026

Samtals tóku 120 lið þátt í Íslandsmóti fullorðinna og 80 í Íslandsmótum yngri flokka. Iðkendur sem greiddu iðkendagjald voru 1720 (þar af 374 yngri en 18 ára). Þar eru ekki með taldir þeir sem aðeins keppa á Öldungamóti.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tekið á einu máli þetta tímabil.

UNBROKENDEILDIR

Skráð voru til leiks 8 karlalið og 6 kvennalið í úrvalsdeildir.

Keppnistímabilið hófst með leikjum í **meistarakeppni BLÍ** þar sem Íslands- og bikarmeistarar KA í karlaflokki tóku á móti Þrótti Reykjavík sem lenti í 2. sæti í Íslandsmótinu 2025. Leikurinn fór 3-2 fyrir KA en hann var haldinn á Akureyri. Í kvennaflokki mættust Bikar- og Íslandsmeistarar KA og Völsungi sem lentu í 2. sæti í Íslandsmótinu á Akureyri. Leikurinn fór 3-0 fyrir KA.

Í Unbrokendeild karla var spiluð þreföld umferð (21 leikur á lið) og í Unbrokendeild kvenna fjórföld umferð (20 leikir á lið). Spilaðir voru heima og útileikir en oft mættust liðin tvo daga í röð og gat verið flókið að reikna stöðuna yfir árið þar sem lið voru búin með mismargar umferðir

Deildarmeistarar voru krýndir í byrjun mars. Hamar vann Unbrokendeild karla og HK Unbrokendeild kvenna. Báðar deildir voru ekki ráðnar fyrr en í síðustu leikjum deildarinnar.

Fjögur efstu liðin fara svo áfram í úrslitakeppnina þar sem þau spila undanúrslit (2 unnir leikir) og úrslit (3 unnir leikir) sem klárast fyrir Öldung í lok apríl.

Aðeins þurfti að fresta einum leik vegna veðurs þetta tímabil.

Kosning í lið ársins 2024-2025 stendur yfir og verður tilkynnt á ársþingi 28. mars.

Kjörisbikarkeppnin 2025 fór fram dagana 12.-14. mars í Digranesi.

Skráð voru 10 lið í karlaflokki (úrvalsdeildarliðin 8 auk Leiknis Reykjavíkur og KA Splæsir). Í 16 liða úrslitum voru 2 dregin 2 lið á móti utandeildarliðunum áður en farið var í 8 liða úrslit.

Í kvennaflokki voru 8 lið skráð (úrvalsdeildarliðin 6 auk UMFG og Ýmis) og var farið beint í 8 liða úrslit.

Undanúrslit og úrslit voru spiluð í Digranesi. Undanúrslit kvenna voru á fimmtudagskvöldi og undanúrslit karla á föstudagskvöldi. Úrslitin voru svo spiluð á laugardegi. Sýnt var frá öllum leikjum í beinni útsendingu á RÚV. Karlalið Hamars og kvennalið HK urðu Kjörisbikarmeistarar 2026.

MVP karla: Ragnar Ingi Axelsson

MVP kvenna: Elísabet Einarsdóttir

16 liða úrslit			16 liða úrslit		
HK Ýmir (bikar)	-	UMFG Bikar	Leiknir Rvk. BIKAR	0 - 3	Þróttur Fjarðabyggð
			KA Splæsir Bikar	3 - 2	Vestri
8 liða úrslit			8 liða úrslit		
Þróttur Fjarðabyggð	1 - 3	KA	Þróttur Fjarðabyggð	3 - 0	HK
UMFG Bikar	0 - 3	HK	KA Splæsir Bikar	1 - 3	Völsungur/Efling
HK Ýmir (bikar)	0 - 3	Afturelding	Þróttur Reykjavík	1 - 3	Afturelding
Þróttur Reykjavík/Blakfélag Hafnafjarðar	3 - 1	Völsungur	Hamar	3 - 0	KA
Undanúrslit kvenna			Undanúrslit karla		
HK	3 - 0	Afturelding	Völsungur/Efling	2 - 3	Afturelding
Þróttur Reykjavík/Blakfélag Hafnafjarðar	1 - 3	KA	Hamar	3 - 1	Þróttur Fjarðabyggð
Úrslit kvenna			Úrslit karla		
HK	3 - 1	KA	Afturelding	1 - 3	Hamar

1. DEILDIR

10 lið voru skráð í 1. deild kvenna og í karlaflokki voru 4 lið skráð.

Í kvennaflokki spiluðu liðin 10 tvöfalda umferð og ekki var tekið sérstakt tillit til U20 eða B liða. KA U20 urðu deildarmeistarar í 1. deild kvenna.

Í karlaflokki var spiluð fjórföld umferð þar sem aðeins fjögur lið voru skráð og urðu HK B deildarmeistarar í 1. deild karla.

Úrslit í 1. deildum verða svo spiluð í Laugardalshöll helgina 10.-12. apríl.

fös 10/4	Lið 1	Lið 2
19:00	Leiknir Rvk.	Fylkir
lau 11/4		
10:00	HK B	Þróttur Rvk. B
12:30	Ýmir	UMFG
15:00	KA U20	HK B
17:30	3. sæti karla	
sun 12/4		
11:00	3. sæti kvenna	
13:30	1. sæti karla	
16:00	1. sæti kvenna	

NEÐRI DEILDIR

Skráning barst frá 92 liðum í neðri deildir þar sem spilað var spilað í 6 kvennadeildum og 2 karladeildum. Spiluð var einföld umferð á tveimur helgarmótum (nóvember og janúar) og svo var hverri deild skipt í efri og neðri úrslit og spilað var til úrslita á þriðja helgarmótinu í mars.

Deild	1. sæti	2. sæti	3. sæti
2. kvk	HK G	Afturelding Jr.	Próttur R E
3. kvk	Blakfélag Hfj. B	Vestri C	Próttur N.C
4. kvk	Leiknir R	HK C	HK J
5. kvk	UMFL A	Kormákur	KA Freyjur B
6. kvk	Próttur Nes U	KA Krákur B	Leiknir F B
7. kvk	Einherji	UMFL B	Rimar B
2. kk	Blakfélag Hfj. A	Fylkir C	HK C
3. kk	KA U	KA Splæsir	Leiknir Rvk. B

3 lið fara iðulega upp og niður um deildir í 12 liða deild og 2 lið í 10 liða deild en ekki er skylda að efstu lið í 2. deild fari upp í 1. deild. Hægt er að skoða úrslit leikja og stöðutöflur deilda inn á heimasíðu BLÍ. Lokadeildarniðurröðun fyrir næsta tímabil er ávallt gefin út eftir að skráningu lýkur fyrir næsta tímabil 15. maí.

YNGRI FLOKKAR

Á Íslandsmóti að hausti og Bikarmóti hafa 87 mismunandi lið tekið þátt í yngri flokka mótum. Yngri flokka nefnd hefur farið með allt mótahalda yngri flokka í vetur. Mótin voru sett upp af Vettvangi Íþróttá.

Kept var í flokkum U12, U14 og U16 á **Íslandsmótinu** að hausti sem haldið var í Kópavogi og Laugardal. Annar hluti Íslandsmóts U14 og U16 var haldinn á Akuryeri í Febrúar. Síðasti hluti Íslandsmótsins fer fram í maí þar sem U12 og U14 flokkar keppa á Grundarfirði og U16 flokkar á Húsavík en þá verða krýndir Íslandsmeistarar í ofangreindum keppnisflokkum. Vormót U12 og U14 verður einnig haldið í lok mars en það mót er óháð Íslandsmótinu. Ekki hefur náðst í keppnisflokk U16 karla í vetur þar sem hvergi eru 6 drengir á þeim aldri að æfa. U14 karlaflokkar hafa einnig tekið breytingum og spila þeir 3ja manna blak til þess að fleiri félög hafi tök á því að keppa.

Bikarmót yngri flokka var haldið í tveimur hlutum. Flokkar U14 og U20 spiluðu að Varmá í lok nóvember en U16 flokkar spiluðu í Neskaupstað í janúar en samtals tóku 51 lið þátt í Bikarmótinu. Úrslitaleikir U20 og U14 flokka voru spilaðir í Varmá.

Úrslitaleikir U16 kvk voru spilaðir á úrslitahelgi Kjörísbikarsins í Digranesi laugardaginn 14. mars.

Flokkur	Bikarmeistarar 2025
U14 piltar	Próttur Nes/Afturelding
U14 stúlkur	KA
U16 stúlkur	HK 1
U20 piltar	Vestri
U20 stúlkur	KA

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, mótastjóra BLÍ

Mótanefnd BLÍ

Emelía Eiríksdóttir

Hulda Björgvinsdóttir

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Skýrsla Afreksstjóra BLÍ 2025

Icelandic Volleyball Development and High-Performance

Introduction

Throughout 2025, the High-Performance Department of the Iceland Volleyball Federation continued to implement a structured and strategic approach aimed at strengthening the overall level of volleyball in Iceland. This work has been supported by continuous collaboration with key international bodies such as the FIVB and the CEV, through regular meetings, reporting, and knowledge exchange.

In addition, ongoing benchmarking with other national federations has provided valuable insights into both the challenges and opportunities present in the Icelandic context, allowing for more informed decision-making and long-term planning.

This report outlines the main activities and projects carried out during the year.

Beach Volleyball Development

The beach volleyball program remained active throughout the year, providing consistent training opportunities for athletes based in the Reykjavik area. Two weekly sessions were held during the winter months at Sandcastle, ensuring continuity of training despite seasonal limitations.

With the arrival of good weather, the program transitioned outdoors to Fagrilundur. During this phase, participation increased, allowing for a broader preparation base ahead of the summer competitions. Coaching responsibilities were shared between Janis Novikovs and Borja González, ensuring continuity and quality in the training process.

Morning Practice 2024/2025	
Men	Women
Grímur Kristinsson	Thelma Dögg Grétarsdóttir
Emil már Diatlovic	Daniela Grétarsdóttir
Magni Þórhallsson	Margrét Maren Guðmundsdóttir
Riccardo Meucci	Jóna Margrét Arnarsdóttir
Jökull Jóhannsson	
Tómas Davidsson	
Hermann Hlynsson	
Benedikt Tryggvason	

International Participation and Results

The 2025 season marked a significant milestone for Icelandic beach volleyball. For the first time, the federation successfully qualified one team per gender for the **U18 and U20 European Championship Finals**, achieved through strong performances in the SCA competitions.

This achievement reflects the positive impact of sustained investment in the discipline and represents an important step forward in the international positioning of Icelandic beach volleyball.

Competitions Summer 2025					
Tournament	Age	Place	Travel Dates	Competition Dates	Teams
Small Games	Senior	Andorra	25/05 to 01/06	26/05 to 29/05	1 per gender
NEVZA	U17	England (Bridlington)	30/06 to 04/07	01/07 to 03/07	3 teams per gender
NEVZA	U19	England (Bridlington)	30/06 to 04/07	01/07 to 03/07	1 women-3 men teams
SCA	Senior	Scotland	17/07 to 21/07	18/07 to 20/07	1 men team
SCA	U17	Andorra	24/07 to 28/07	25/07 to 27/07	2 teams per gender
SCA	U19	Ireland	31/07 to 03/08	01/08 to 02/08	2 teams per gender

Players participating in the competitions and coaches:

SCA U17	Result	SCA U19	Result
Anika Snæðis Gautadóttir	Gold	Sóldís Júlía Sigurpálsdóttir	Gold
Þorbjörg Rún Emilsdóttir	Gold	Helena Kristjánsdóttir	Gold
Katla Fönn Valsdóttir	Silver	Auður Petursdóttir	Bronze
Kara Margrét Árnadóttir	Silver	Hrefna Ágústa Marinósdóttir	Bronze
Ágúst Leó Sigurfinnsson	Gold	Svanur Hafþórsson	5th
Markús Freyr Arnarsson	Gold	Sölvi Hafþórsson	5th
Hákon Freyr Arnarsson	Bronze	Emil már Diatlovic	Gold
Eiríkur Hrafn Baldvinsson	Bronze	Ágúst Leó Sigurfinnsson	Gold

NEVZA U17	Result	NEVZA U19	Result
Anika Snæðis Gautadóttir	9th	Auður Petursdóttir	5th
Þorbjörg Rún Emilsdóttir	9th	Hrefna Ágústa Marinósdóttir	5th
Katla Fönn Valsdóttir	13th	Emil már Diatlovic	9th
Kara Margrét Árnadóttir	13th	Tómas Davidsson	9th
Sóldís Júlía Sigurpálsdóttir	5th	Riccardo Meucci	9th
Helena Kristjánsdóttir	5th	Jökull Jóhannsson	9th
Ágúst Leó Sigurfinnsson	5th	Pétur Örn Sigurðsson	9th
Markús Freyr Arnarsson	5th	Amar Jacobsen	9th
Hákon Freyr Arnarsson	9th		
Grímur Kristinsson	9th		
Svanur Hafþórsson	9th		
Sölvi Hafþórsson	9th		

Small Games Andorra	Result	SCA Scotland Senior	Result
Thelma Dögg Grétarsdóttir	4th	Emil már Diatlovic	5th
Jóna Margrét Arnarsdóttir	4th	Tómas Davidsson	5th
Benedíkt Tryggvason	5th		
Hermann Hlynsson	5th		

NEVZA Beach Coaches	GSSE Beach Coaches	SCA Beach Coaches
Borja González Vicente	Janis Novikovs	Borja González Vicente
Daniela Grétarsdóttir	Sunna Líf Arnársdóttir	
Janis Novikovs		
Emil Gunnarsson		

The program resumed in September in Sandcastle with a renewed focus on development, including the integration of younger athletes into the women's group, while maintaining stability within the men's structure.

Women	Men
Katla Björg Beck	Jökull Jóhannsson
Bergþóra Emma Sigurðardóttir	Tómas Davidsson
Ása Margrét Kristjánsdóttir	Pétur Örn Sigurðsson
Ewa Maria Kolodziejska	Emil már Diatlovic
Porbjörg Rún Emilsdóttir	Riccardo Meucci
Árbjörg Ynja Emilsdóttir	Markús Freyr Amarsson
Hrafnhildur Ýr Valgeirsdóttir	Sigþór Helgason
	Benedikt Tryggvason



School Volley Program

The School Volley project continued to play a central role in grassroots development, in close cooperation with the CEV. The initiative aims to expand volleyball participation through regular and structured activities across the country.

Efforts were made to organize a minimum of three events per month, primarily through school visits, local tournaments, and promotional activities designed to increase visibility and engagement.

To motivate clubs to participate in the project, we have created a rewards system where clubs can earn points that can be exchanged for equipment each time they organize an activity.

To support this process, a dedicated digital platform was developed to facilitate the application and coordination of activities. Furthermore, regular coordination meetings were held both online and in person, including international workshops in:

- North Macedonia, March 12th to 14th
- Ireland, July 3rd to 5th
- Romania, December 3rd to 6th



play volleyball
grow with it

List of activities 2025:

School Volley Activities 2025			
Date	Place	Activity	Players
07/01/2025	Mosfellsbær	Snow Volley	18
23/01/2025	Husavík	Snow Volley	26
01/02/2025	Akureyri	Tournament	132
03/03/2025	Grundarfjörður	School Volley League	42
04/03/2025	Different Clubs	Öskudagur	53
09/03/2025	Digranes	MiniCup Final	44
20/03/2025	Mosfellsbær	School visit	244
26/03/2025	Kopavogur	School visit	251
28/03/2025	Keflavík	School Volley League	82
29/03/2025	Mosfellsbær	Ithrottaskóli Games	132
01/04/2025	Laugarvatn	School Volley League	48
04/04/2025	Neskaupstaður	School Volley League	36
23/04/2025	Neskaupstaður	School Volley League	23
27/04/2025	Mosfellsbær	Festival WLVT	38
07/05/2025	Mosfellsbær	School Volley League	237
10/05/2025	Husavík	Tournament	165
17/05/2025	Isafjörður	Tournament	213
06/09/2025	Breiðholt	Integration Day	42
08/09/2025	Reykjavík University	Visit	27
15/09/2025	Reykjavík University	Visit	22
26/09/2025	Kopavogur	Tournament	157
29/09/2025	Kársnesskóli	School visit	80
01/10/2025	Blöndúskóli	School visit	28
02/10/2025	Kársnesskóli	School visit	123
04/10/2025	Keflavík	Club Open House	47
08/10/2025	Kópavogsskóli	School visit	118
13/10/2025	Reykjavík University	Visit	16
15/10/2025	Smáraskóli	School visit	408
17/10/2025	Lindarskólli	School visit	77
20/10/2025	Reykjavík University	Visit	35
23/10/2025	Fjölbraustaskólinn í Breiðholti	School visit	21
11/11/2025	Lindarskólli	School visit	126
14/11/2025	Reykjavík	Tournament	404
28/11/2025	Mosfellsbær	Tournament	399
12/12/2025	Mosfellsbær	Sport Disabled Day	18
16/12/2025	Kopavogur (HK)	Christmas Challenge	34
18/12/2025	Mosfellsbær UMFA	Christmas Tournament	104
21/12/2025	Kopavogur	Sitting Volley Day	44

Youth National Teams

In 2025, the youth national teams focused their participation on the **NEVZA U20 Championship held in the Faroe Islands**, where both the men's and women's teams achieved **bronze medal finishes**.

Icelandic National Team NEVZA 2025 (Faroe, October 23rd to 27th)				
U19 Women Team			Iceland U19 Men	
Halla Marín Sigurjónsdóttir	Setter		Ágúst Leó Sigurfinnsson	Díó
Helena Kristjánsóttir	Setter		Aron Bjarki Kristjánsson	Kantur
Erla Marín Guðmundsdóttir	Libero		Emil Már Diatlovic	Líberó
Hildur Ósk Úlfarsdóttir	Libero		Fjöltnir Logi Halldórsson	Miðja
